

# Aflvaki hf.

## Ársreikningur

### 2022



Aflvaki hf.  
kt: 440693-2109  
Ráðhús Reykjavíkur  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

# Aflvaki hf.

## Ársreikningur

2022

### Efnisyfirlit

---

	bls.
Skýrsla og áritun stjórnar .....	2
Áritun óháðs endurskoðanda .....	3-4
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Yfirlit um sjóðstreymi .....	7
Skýringar .....	8-9

## Skýrsla og áritun stjórnar

---

Ársreikningur Aflvaka hf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Tap var á rekstri félagsins á árinu 2022 að fjárhæð 567 þús. kr. Eignir námu í árslok 9,7 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi og eigið fé var 9,7 millj. kr. Vísað er til ársreikningsins um jöfnun taps.

Engin starfsemi var í félaginu á árinu 2022 og engir starfsmenn störfuðu hjá félaginu.

Í upphafi árs sem og í árslok skiptist hlutfé félagsins þannig að Reykjavíkurborg á 54,5%, Orkuveita Reykjavíkur 37,9% og Faxaflóahafnir sf. 7,6%.

Stjórn Aflvaka hf. staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Reykjavík, 24. maí 2023.

Stjórn Aflvaka hf.

Ívar Örn Ívarsson

Helga Benediktsdóttir

Grétar Þór Jóhannsson

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og hluthafa Aflvaka hf.

## Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Aflvaka hf. (hér eftir félagið) fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, eiginfjáryfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2022, efnahag 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

## Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA). Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð félaginu í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi félagsins. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg víska er nokkuð hátt stig vissu, en það tryggir ekki að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við faglegu mati (e. professional judgment) og við höfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi atriði eru einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.  
Reykjavík, 24. maí 2023

---

**J. Sturla Jónsson**  
**löggiltur endurskoðandi**

## Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	Ársreikningur 2022	Ársreikningur 2021
<b>Rekstrargjöld</b>	3		
Annar rekstrarkostnaður .....	9	567.000	557.285
<b>Rekstrargjöld</b>		<b>567.000</b>	<b>557.285</b>
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>			
Fjármunatekjur / (fjármagnsgjöld) .....	10	24	0
<b>Fjármagnsliðir</b>		<b>24</b>	<b>0</b>
<b>Rekstrarniðurstaða .....</b>		<b>(566.976)</b>	<b>(557.285)</b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr.	Ársreikningur 31.12.2022	Ársreikningur 31.12.2021
<b>Áhættufjármunir og aðrar eignir</b>			
Málverk .....	6	176.665	176.665
Eignarhlutar í öðrum félögum .....	7	1.925.000	1.925.000
<b>Áhættufjármunir og aðrar eignir</b>		<b>2.101.665</b>	<b>2.101.665</b>
<b>Veltufjármunir</b>			
Aðrar kröfur .....	11	7.597.797	8.685.776
<b>Veltufjármunir</b>		<b>7.597.797</b>	<b>8.685.776</b>
<b>Eignir samtals .....</b>		<b>9.699.462</b>	<b>10.787.441</b>
<b>Skuldir og eigið fé</b>			
<b>Eigið fé</b>			
	8		
Hlutfé .....		8.010.000	8.010.000
Lögbundinn varasjóður .....		882.638	882.638
Óráðstafað eigið fé .....		788.842	1.355.818
<b>Eigið fé</b>		<b>9.681.480</b>	<b>10.248.456</b>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Ýmsar skammtímaskuldir .....		17.982	538.985
<b>Skammtímaskuldir</b>		<b>17.982</b>	<b>538.985</b>
<b>Skuldir og Eigið fé samtals .....</b>		<b>9.699.462</b>	<b>10.787.441</b>

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

Skýr.	Ársreikningur 2022	Ársreikningur 2021
<b>Rekstrarhreyfingar</b>		
Hagnaður (Tap) ársins .....	(566.976)	(557.285)
<b>Veltufé frá (til) rekstrar</b>	<b>(566.976)</b>	<b>(557.285)</b>
Skammtímakröfur, breyting .....	1.087.979	18.300
Skammtímaskuldir, breyting .....	(521.003)	538.985
<b>Handbært fé til rekstrar</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		
Reykjavíkurborg, viðskiptastaða .....	0	0
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
<b>Breyting á handbæru fé .....</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
<b>Handbært fé í árslok .....</b>	<b>0</b>	<b>0</b>



# Skýringar

---

## Starfsemi

1. Aflvaki hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

## Reikningsskilaaðferðir

### *Innlausn tekna*

2. Tekjur eru færðar í ársreikninginn þegar kröfuréttur myndast.

### *Lotun gjalda*

3. Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

### *Varanlegir rekstrarfjármunir*

4. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

## Starfsmannamál

5. Hjá Aflvaka hf. starfaði enginn starfsmaður á árinu 2022.

## Áhættufjármunir og aðrar eignir

6. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	<u>Málverk</u>
Heildarverð 1.1.2022 .....	176.665
<b>Heildarverð 31.12.2022.....</b>	<b>176.665</b>

7. Hlutabréfaeign félagsins greinist þannig í árslok:

	<u>Eignarhluti</u>	<u>Nafnverð</u>	<u>Kaupverð</u>
Malbikunarstöðin Höfði hf. ....	1%	1.925.000	1.925.000
		<b>1.925.000</b>	<b>1.925.000</b>

# Skýringar

## Eigið fé

### 8. Yfirlit um eiginfjárreikninga

	<b>Stofnfé</b>	<b>Lögbundinn varasjóður</b>	<b>Óráðstafað eigið fé</b>	<b>Samtals</b>
Staða 1.1.2022 .....	8.010.000	882.638	1.355.818	10.248.456
Tap ársins .....			( 566.976 )	( 566.976 )
<b>Eigið fé 31.12.2022 .....</b>	<b>8.010.000</b>	<b>882.638</b>	<b>788.842</b>	<b>9.681.480</b>

## Sundurliðanir

		<b>31.12.2022</b>	<b>31.12.2021</b>
<b>9. Annar rekstrarkostnaður:</b>			
Aðkeypt sérfræðiráðgjöf .....		526.374	538.985
Annar kostnaður .....		40.626	18.300
<b>Annar rekstrarkostnaður alls.....</b>		<b>567.000</b>	<b>557.285</b>
<b>10. Fjármunatekjur:</b>			
Vaxtatekjur og verðbætur .....		24	0
Arður af hlutafjáreign .....		0	0
<b>Fjármunatekjur alls.....</b>		<b>24</b>	<b>0</b>
		<b>31.12.2022</b>	<b>31.12.2021</b>
<b>11. Aðrar kröfur:</b>			
Reykjavíkurborg .....		7.597.797	8.684.982
Ríkissjóður, ofgreiddur fjármagnstekjuskattur .....		0	794
<b>Aðrar kröfur alls.....</b>		<b>7.597.797</b>	<b>8.685.776</b>